

ATHUGASEMDIR VIÐ FORKYNNINGU AÐ AÐALSKIPULAGI

GARÐABÆJAR 2016-2030.

Bæjarskrifst. Garðabæjar	
Mótt.dags.	17.11.2016
Málalykill	09.32
Mál nr.	1302243

Eigendur jarðanna Halakot og Svalbarða gera eftirfarandi athugasemdir við drögin.

1. Undirrituð fagna því að skipulagsnefndin geri nú að tillögu sinni ráð fyrir auknu byggingarmagni í landi Svalbarða og Halakots. Þetta er í samræmi við þá niðurstöðu sem varð af viðræðum við bæjaryfirvöld í Garðabæ. Þó vilja eigendur benda á að endurskoða mörk spildunnar til vesturs, til sjávar. Fjaran er fallega bogadregin og þykir okkur að vel fari á að mörk byggingarspildunnar til sjávar taki mið af fjörunni. Jafnframt finnst okkur að byggðin sé óþarflega mikið dregin frá sjávarströndinni eða miklu lengra en annars staðar hefur verið gert eða lengra en hugsanleg flóðahætta ætti að vera. Undirrituð eru þess físandir að land Halakots og Svalbarða verði tekið til deiluskipulagningar sem fyrst eftir að aðalskipulagið hefur öðlast lögformlegt samþykki. Sjá meðfylgjandi kort sem skýrir ofangreindar skoðanir betur.
2. Í greinargerð með forkynningunni er á blaðsíðu 23 fjallað um Golfvöll Álfthaness. Þar kemur fram að golfvöllurinn skuli víkja en ekki fyrr en nýr völlur hafi verið gerður á svæði 1.07. Þessi blessaður golfvöllur hefur lengi hindrað okkur í að geta nýtt landið í smræmi við gildandi skipulög. Eigendum af téðu landi þykir þessi setning geti frestað nýtingu lands okkar um 5-10 ár. Þetta þykir okkur ótækt. Leggi bæjaryfirvöld mikla áherslu á þetta atriði þykir okkur koma til greina að bæjaryfirvöld leysi landið til sín eða að fram fari makaskipti á nálægu landi í eigu Garðabæjar t.d. landspildu úr Þórukoti og Haukshúsi.
3. Undirrituð benda á að á fyrri skipulögum var allmikil byggð fyrirhuguð í svokölluðu Holti (land norðan við Skógtjörn) en landið er í eigu Vestri Skógtjarnar og Skógtjarnar. Undirrituð eru erfingjar að litlum hluta Vesri Skógtjarnar og hafa því þar einhverja hagsmuni. Á núverndi forkynningu er engin byggð fyrirhuguð þarna og gæti það skapað skaðabótarétt. Undirrituð hafa heyrt þá skoðun bæjaryfirvalda að auka

þurfi við við þéttleika á Nesinu til að ná fram meiri rekstrarhagkvæni.

Hér er tilvalið land sem gæti staðið undir meiri byggð.

4. Við viljum benda bæjaryfirvöldum á að land Bessastaða nær aðeins að Bessastaðahliði. Bessastaðir eiga ekki landræmu milli vegarins og fjörunnar. Þetta land er í eigu Vestri Skógtjarnar.

Virðingarfyllst f.h. systkina minna, Þrúðar Gunnlaugsdóttur og Klemenzar Björns Gunnlaugssonar.



Jón Gunnar Gunnlaugsson.

